

## Góða nótt

Dagurinn kveður, mánans bjarta brá  
blikar í skýjasundi.  
Lokkar í blænum, leiftur augum frá,  
loforð um endurfundi.

Góða nótt – góða nótt.  
Gamaníð líður fljótt.  
Brosin þín bíða míni,  
er birtan úr austri skín.

Dreymi þig sólskin og sumarfrið,  
syngjandi fugla og lækjarnið.  
Allt er hljótt – allt er hljótt,  
ástin míni – góða nótt.

*Oddgeir Kristjánsson / Ási í Bæ*

## BLESSUN



## EFTIRSPIL

*Agagio  
Albinoni*



Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug.

Prestur: Sr. Viðar Stefánsson  
Undirleikur: Kitty Kovács  
Einsöngur: Sæþór Vídó  
Fiðla: Balázs Stankowsky  
Kór Landakirkju



*Párdur  
Magnússon*

Fæddur 17. apríl 1933  
Dáinn 9. mars 2021

Útför frá Landakirkju fimmtudaginn 18. mars 2021

## FORSPIL

*Ave Maria*  
(Lag: Bach/Gounod)

## BÆN

### Heima

Hún rís úr sumarsænum  
í silkimjúkum blænum  
með fjöll í feldi grænum,  
mín fagra Heimaey.  
Við lífsins fögnum fundum  
á fyrstu bernskustundum,  
er sólin hló á sundum  
og sigldu himinfley.

Hér reri hann afi á árabát  
og undi sér best á sjó,  
en amma hafði á öldunni gát  
og aflann úr fjörunni dró.

Er vindur lék í voðum  
og vængir lyftu gnoðum,  
þeir þutu beint hjá boðum  
á bliðvinafund.  
Og enn þeir fiskinn fanga  
við Flúðir, Svið og Dranga,  
þótt stormur strjúki vanga,  
það stælir karlmanns lund.

Og allt var skini skartað  
og skjól við móðurhjartað,  
hér leið míni bernskan bjarta  
við bjargfuglaklið.  
Er vorið lagði að landi,  
var líf í fjörusandi,  
þá ríkti unaðsandi  
í aett við bárungið.

Þegar í fjarskann mig báturinn ber  
og boðinn úr djúpi rís.  
Eyjan míni kæra, ég óska hjá þér  
að eigi ég faðmlögvin vís.

Þótt löngum beri af leiðum  
á lífsins vegi breiðum,  
þá finnst á fornum eiðum  
margt falið hjartamein.  
En okkar æskufuna  
við ættum þó að muna  
á meðan öldur una  
í aást við fjörustein

*Ásti i Bæ/Oddgeir Kristjánsson*

## RITNINGARLESTUR

### Pakkarbæn

Vér biðjum þig, Drottinn, að blessa þá hrjáðu,  
þú birtir oss syndugum mátt þinn á jörð.  
Lát náðarsól rísa, veg þeim öllum vísa  
er villir fóru leið, hafa týnt sinni hjörð.

Þú leiðir oss, Drottinn, að lindunum hreinu,  
þú ljósíð þitt kveikir við himnanna stól.  
Um tíma þó syrti, þá brátt aftur birtir,  
þú breiðir út þinn faðm og veitir oss skjól.

Vér flytjum þér lofgjörð, þú líknar og græðir  
og léttir oss göngu í stormanna klið.  
Frá ánað og helsi gef hjörð þinni frelsi,  
þín hjálp er jafnan nærl! Ó, Guð, veit oss frið.

Veit oss þinn frið!

*Adrian Valerius/Óskar Ingimarsson*

## GUÐSPJALL

### Í fjarlægð

Pig sem í fjarlægð fjöllin bak við dvelur  
og fagrar vonir tengdir líf mitt við.  
Minn hugur þráir, hjartað ákaft saknar,  
er horfnum stundum ljúfum dvel ég hjá.  
Heyrirðu ei, þig hjartað kallar á?  
Heyrirðu ei storm er kveðju mína ber?  
Þú fagra minning eftir skildir eina  
sem aldrei gleymist meðan lífs ég er.

*Karl O. Runólfsson / Valdimar H. Hallstað*

I've loved, I've laughed and cried  
I've had my fill, my share of losing  
And now, as tears subside  
I find it all so amusing  
To think I did all that  
And may I say, not in a shy way  
Oh, no, oh, no, not me  
I did it my way

For what is a man, what has he got?  
If not himself, then he has naught  
To say the things he truly feels  
And not the words of one who kneels  
The record shows I took the blows  
And did it my way

*Jacques Revaux / Paul Anka*

## BÆN

## FADIR VOR

### Drottinn er minn hirðir

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.  
Á grænum grundum, lætur hann mig hvílast  
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.  
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg  
fyrir sakir nafns síns.  
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,  
því þú ert hjá mér.  
Sproti þinn og stafur hugga mig  
þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum  
þú smyrð höfuð mitt með olíu,  
bikar minn er barmafullur.  
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,  
og í húsi Drottins bý ég langa aði.  
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

*Margrét Scheving / 23. Davíðssálmur*

## MOLDUN